

Stjörnukerfið er kerfi sem notað er við dómgæslu í félagalínunni. Þrír dómara dæma bæði tæknieinkunn fyrir stökk, píruettur og spora og/eða kóreósamsetningar og listfengieinkunn sem skipt er í tvo (2) til þrjá (3) hluta eftir aldursflokkum.

---

## Listfengieinkunn

Listfengieinkunn skiptist í Grunnskautun, Framkvæmd og Túlkun og Tengingar.

### Grunnskautun:

Hreinleiki og öryggi, stjórn á brúnum og flæði yfir ísinn sem og færni til þess að skauta í allar áttir og vald yfir krafti og hraða.

#### Krítaría

- Notkun djúpra brúna, spora og snúninga (turns)
- Jafnvægi, taktföst hnébeygja og nákvæmni við staðsetningu fótar
- Flæði og rennsli
- Fjölbreytileg notkun á krafti, hraða og hraðaaukningu
- Skautun í allar áttir, afturábak og áfram

### Framkvæmd og túlkun:

Framkvæmd er tenging skautara, bæði líkamlega og andlega, við þá tónlist sem hann hefur valið á meðan hann tjáir hugmynd tónlistarinnar og samsetningu hennar, t.d. með burði, stíl, persónuleika, fjölbreytileika, andstæðum og útgeislun.

Túlkun tónlistar er persónuleg, frumleg og einlæg tjáning á takti, karakter og innihaldi tónlistar í gegnum hreyfingu á ís.

#### Krítaría

- Líkamleg og andleg tenging, útgeislun
- Líkamsburður og hreinleiki hreyfinga
- Fjölbreytileiki og andstæður í hreyfingum og orku
- Persónuleiki og frumleiki
- Hreyfingar og spor í takt við tónlist
- Túlkun karakters tónlistar, tilfinningu og/eða takts

### Tengingar:

Fjölbreytt en markviss notkun spora og hreyfinga til þess að tengja öll element.

#### Krítaría

- Áframhaldandi hreyfingar frá einu elementu til annars
- Fjölbreytileiki
- Erfiðleikastig
- Gæði

---

## Tæknieinkunn

Tæknieinkunn er gefin fyrir stökk, píruettur og sporasamsetningu / kóreósamsetningu.

### Fjórir hlutar stökk elements:

- Undirbúningur
- Uppstökk
- Snúningur / Hæð
- Lending
  - Erfiðleikastig\*

### Fjórir hlutar píróetta:

- Undirbúningur
- Inngangur
- Snúningur
- Endir
  - Erfiðleikastig\*

### Fjórir hlutar sporasamsetningar / kóreósamsetningar:

- Mynstur
- Framkvæmd
- Hraði / Flæði
- Öryggi í sporum / Notkun tónlistar

\* Gefið er aukið vægi fyrir element sem eru umfram lágmarkskröfur

---

## Niðurstöður

Hver dómari leggur saman listfenginginkunn og tækninginkunn og fær út heildareinkunn hvers skautara. Ef um jafntefli er að ræða er sá skautari sem hefur hærri listfenginginkunn hafður í herra sæti.